

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 25. febrúar, var haldinn 74. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í sal A í Gerðubergi í Reykjavík og hófst kl. 11:03. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sara Þöll Finnbogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Eygló Traustadóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. janúar 2015, um stöðumat á frístundabjónustu skóla- og frístundasviðs til undirbúnings stefnumótunarvinnu um frístundabjónustu barna og unglunga í Reykjavík. Sigrún Sveinbjörnsdóttir kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2014090109
2. Lögð fram drög að erindisbréfi stýrihóps um frístundabjónustu og félagsstarf, ódags. SFS2015010129
3. Biophilia kennsluverkefnið. Harpa Rut Hilmarisdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015020202

Guðrún Edda Reynisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna vexti og útbreiðslu verkefnisins Biophilia og þeim þverfaglegu áherslum í kennslu grunnskólabarna sem þar eru lagðar til grunna. Með samþættingu náttúrufræði, tónmenntar, heimspeki, listgreina, stærðfræði og fleiri námsgreina og með blönduðum námsaðferðum þar sem mikil áhersla er á virkni og á að kveikja á og virkja sköpunargleði þátttakenda er eftirsóknarverð leið til að koma til móts við börn á öllum aldri, og ekki síst börn sem hafa jafnvel hingað til liðið fyrir hina miklu áherslu sem oft hefur verið á bóklega kennslu. Þetta kallar á aukið vægi á námsmat virkni og skapandi verkefna, þætti sem hingað til hafa oft farið halloka í samanburði frammistöðu nemenda í bóklegum greinum. Til stendur að bjóða 5 – 7 skólum í Reykjavík að taka þátt. Æskilegt er að finna leiðir til að útvíkka verkefnið í heild eða anga þess til sem flestra grunnskóla til að gæta jafnræðis eftir því sem hægt er.

4. Lögð fram *Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014 – 2020: Menning er mannréttindi*, dags. 2014 og *Aðgerðir sem fylgja markmiðum í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2020: Menning er mannréttindi*. Elsa Hrafnhildur Yeoman, formaður menningar- og ferðamálaráðs og Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015010055

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvaða leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og skólahljómsveitir eru að nýta sér þá menningarfræðslu sem í boði er hjá

menningarstofnunum borgarinnar. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um fjölda þátttakenda og hversu oft á vetri hver skóli fyrir sig nýtir sér þessa fræðslu.

Harpa Rut Hilmarsdóttir og Guðrún Edda Reynisdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.30 vikur Sigrún Sveinbjörnsdóttir af fundi og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum.
- 5. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar og Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjórnar kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015020203
- 6. Sýnd stikla frá Lestrarhátíð í Bókmenntaborg árið 2014 – tími fyrir sögu.
- 7. Lögð fram áfangaskýrsla fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum, dags. í febrúar 2015. Freyja Birgisdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum kynnir og svara fyrirspurnum. Dröfn Rafnsdóttir, kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðholts og Fríða Bjarney Jónsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjórar á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, fulltrúar í fagráðinu svara fyrirspurnum. SFS2014080071
- Kl. 13.57 vikur Rósa Ingvarsdóttir af fundi.
- Kl. 14.34 tekur Sigrún Sveinbjörnsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar fagráði um læsi fyrir yfirgripsmikla og faglega áfangaskýrslu þar sem settar eru fram tillögur um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum. Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að kynna tillögurnar fyrir fagfólki á starfsstöðvum sviðsins og kalla eftir ábendingum og athugasemdum þeirra. Sviðsstjóra verði falið að hefja í kjölfarið innleiðingu þeirra tillagna er kalla ekki á viðbótarfjármagn. Sviðsstjóra er jafnframt falið að vinna í samráði við fagráðið kostnaðargreinda forgangs- og innleiðingaráætlun sem kynnt verði skóla- og frístundaráði og nýtt við fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2016.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna niðurstöðum vinnu fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Snemmtækar skimanir til að finna hvar þarf að veita sértækan stuðning fyrst strax í leikskóla og einnig síðar í grunnskólanum ásamt faglegum og markvissum úrræðum í kjölfarið er mikilvægur liður til að tryggja farsæla uppbyggingu lestrarfærni og málþroska barna og unglunga. Umfangsmikil símenntun, miðlæg fræðsla, sértæk þjónusta og stuðningur fyrir kennara og auðvelt aðgengi að greiningu og margbreytilegri þjálfun og stuðningi við nemendur verða nauðsynlegir þættir til að hægt verði að koma tillögum fagráðsins í framkvæmd. Mikilvægt er að framgangur þessa verkefnis verði unnin í góðu samstarfi við starfandi stjórnendur og kennara leik- og grunnskóla sem og stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðva til að nýta þá miklu reynsla og viðtæku þekkingu sem þar liggur og eins til að leyfa hverri fræðlustofnun að

byggja upp og þróa sína sérstöðu samhliða uppbyggingu lestrarmenningu viðkomandi skóla, læsis og lesskilnings nemendahópsins.

8. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram tillögu varðandi ráðningar skólastjóra í leikskóla og grunnskóla. Greinargerð fylgir. SFS2013080066

- Kl. 15:00 vikur Ragnar Þorsteinsson af fundi.

Frestað.

9. Lögð fram viðmið vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram tillögu um viðmið vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík. Viðmiðin taki gildi 1. júní 2015 og með henni falla úr gildi viðmið menntaráðs Reykjavíkur við val á milli umsækjenda um skólastjórastöður í grunnskólum Reykjavíkurborgar, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011. SFS2015020163

Frestað.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. febrúar 2015, með tillögum að breytingu á reglum um leikskólaþjónustu. Jafnframt lagðar fram reglur um leikskólaþjónustu með tillögu að breytingu. SFS2014110004

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. febrúar 2015, varðandi leiðréttingu á skóladagatali grunnskóla Reykjavíkur skólaárið 2015-2016 ásamt minnisblaði, dags. 12. febrúar 2015, varðandi tillögu að skóladagatali grunnskóla skólaársins 2015-2016 auk skóladagatals fyrir skólaárið. Þar er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 24. ágúst 2015 og að skólar taki vetrarleyfi 23., 26. og 27. október 2015 og 25. og 26. febrúar 2016. Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2015 verða í 10. bekk, íslenska 21. september, enska 22. september og stærðfræði 23. september 2015. Í 4. og 7. bekk, íslenska 24. september og stærðfræði 25. september 2015. Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2015 og 25. apríl 2016. Skólaslit verði 9. júní 2016. SFS2015010058

Lagt er til að skóla- og frístundaráð breyti ákvörðun sinni frá 21. janúar 2015 um skóladagatal grunnskóla skólaárið 2015-2016 og samþykki framangreinda tillögu að skóladagatali vegna skólaársins 2015-2016.

Samþykkt.

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um með hvaða hætti hefur verið unnið að því að koma í framkvæmd tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem samþykkt var einróma í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur 19. september 2012, um að skoðaðir yrðu möguleikar á breyttri staðsetningu bensínstöðvar við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti í samráði við eiganda hennar. Umrædd bensínstöð, sem reist var árið 2005, er skammt frá félagsmiðstöðinni Fókusi, frístundaheimilinu Stjörnulandi og Ingunnarskóla. Árum saman hafa foreldrar barna í Grafarholti gert athugasemdir við staðsetningu stöðvarinnar svo nærri fjölmennasta skóla hverfisins og m.a. kvartað yfir því að í ákveðnum vindáttum berist bensínfnykur inn í skólahúsnaðið. Jafnframt var

samþykkt að óska eftir lögfræðilegu álitum á því hvort staðsetning bensínstöðvarinnar samræmst reglum ríkisins og Reykjavíkurborgar um bensínstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir bensínstöðva en í þeim segir m.a. að fjarlægð milli mannvirkja bensínstöðvar og byggingar, þar sem fólk vistast eða dvelur um lengri tíma, t.d. skóla, skuli að lágmarki vera tólf metrar. Einnig segir að bensínstöðvar beri að skipuleggja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðslusvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar hennar við nærliggjandi skóla og frístundastarf.

SFS2015020204

13. Tölulíðum 6, 13 og 14 í útsendri dagskrá frestað.

Fundi slitið kl. 15.17

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Ragnar Hansson

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf